

Fjármála- og efnahagsráðuneytið,
Vt. Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra,
Arnarhvoli,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 22. febrúar 2019.

Efni: Ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdstjóra félaga

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis, dags. 12. febrúar 2019, er óskað upplýsinga um hvernig stjórn Íslandspóstis hafi brugðist við tilmælum ráðuneytisins frá 6. janúar 2017 varðandi ákvörðun launa og starfskjara forstjóra. Bréf ráðuneytisins frá 2017 fól í sér ábendingu um þá skyldu stjórnar að við ákvörðun launa og starfskjara yrði almennt fylgt ákvæðum eigendastefnu ríkisins um að félög í eigu ríkisins settu sér hóflega en samkeppnishæfa launastefnu, sem ekki væri leiðandi. Jafnframt skyldi horft til ábyrgðar við ákvörðun um starfskjör og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Þá var vísað til mikilvægis þess að stjórnir hefðu í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi og að launaákvæðanir yrðu varkárar og forðast bæri miklar launabreytingar á stuttu tímabili.

Í framhaldi af bréfi ráðuneytisins frá 2017 aflaði stjórnin úttektar Intellecta ehf. um laun forstjóra fyrirtækja í því skyni að fá viðmið um hver væru laun forstjóra á almennum vinnumarkaði og þar talin samkeppnishæf, en Intellecta ehf. framkvæmir reglubundnar kannanir á almennum launakjörum. Samkvæmt skýrslunni, sem dags. er í apríl 2017, aflaði ráðgjafinn gagna um laun u.þ.b. 300 fyrirtækja aftur til ársins 2001, sem notuð voru sem grunnur til þess að meta markaðslaun. Skilaði ráðgjafinn mati sem byggði á fyrirtækjum með svipaða veltu og fjárhagslega stjórnunarábyrgð og við gæti átt um Íslandspóst. Niðurstaðan var sú að mánaðarlaun forstjóra í sambærilegu fyrirtæki og Íslandspóstur væru á bilinu 2.717 – 3.601 þkr.

Stjórn Íslandspóstis leit svo á að hækkun í neðstu mörk mats Intellecta ehf. væri of mikil, ekki síst í einu skrefi, og væri hún ekki í samræmi við eigendastefnu um varkárar launaákvæðanir. Stjórn félagsins ákvað á fundi sínum þann 20.12.17. að laun forstjóra skyldu hækka úr 1.436 þkr. í 1.795 þkr. frá og með 01.07.17. og 1.992 þkr. frá 01.01.18. Síðan þá hafa laun forstjóra hækkað um 3,0% frá 1. maí 2018 í samræmi ákvæði ráðningarsamnings og kjarasamninga um launabreytingar á almennum vinnumarkaði.

Rétt er að geta þess að í framhaldi af ákvörðun stjórnar um laun forstjóra í árslok 2017 lét forstjóri bóka á fundi stjórnar þann 29.01.18. að hann teldi launaákvörðun stjórnar ekki vera í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings hans og stjórnar frá nóvember 2004.

Starfshópur um málefni kjararáðs skilaði skýrslu, dags. 15.02.18., þar sem gerð var greining og samanburður á launum og úrskurðum kjararáðs. Í skýrslunni er vísað til rammisamkomulags aðila vinnumarkaðarins og ríkisins og að laun þeirra sem áttu undir kjararáði hafi hækkað á

tímabilinu 2013-2017 um 35-64% á sama tíma og almenn þróun launa virðist liggja á bilinu 35-40%. Laun forstjóra Íslandspóstshafa hvorugu fylgt, sbr. eftirfarandi tafla.


	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Launavísitala	100,0	130,9	108,9	116,3	125,4	132,5	140,1	150,2	167,3	178,8
ÁTVR	100,0	91,1	89,0	96,6	111,6	115,3	120,1	130,0	140,9	144,9
HÍ	100,0	75,9	78,3	84,3	97,6	100,8	104,7	113,1	122,6	126,1
ISAVIA	100,0	79,4	69,3	73,6	76,7	85,6	89,0	95,0	102,1	122,9
Íslandspóstur	100,0	92,2	101,3	80,9	78,1	92,4	91,5	98,6	108,0	124,6
Landsnet	100,0	103,8	79,3	110,9	69,2	80,8	89,1	95,5	103,3	113,9
Landspítali	100,0	105,3	84,9	92,5	112,5	126,9	121,1	131,3	147,6	151,8
Landsvirkjun	100,0	97,7	99,3	96,3	81,3	95,3	94,4	102,5	114,5	150,7
RARIK	100,0	95,3	94,7	79,8	79,4	88,6	90,1	97,6	107,1	114,1
RÚV	100,0	83,8	79,5	109,2	85,0	88,3	91,6	93,2	90,7	121,7
Stjórnarráð	100,0	92,1	89,5	94,1	110,7	113,8	118,1	127,7	154,4	174,6

Á fundi stjórnar Íslandspóstsh, sem haldinn var þann 9. apríl 2018, var samþykkt að fela forstjóra að láta taka saman greinargerð um þróun launa forstjóra félagsins í samanburði við almenna launaþróun og þróun launa viðmiðunarhópa frá því fyrir gildistöku laga um breytingu á lögum um kjararáð nr. 87/2009, þ.e. fyrir tímabilið 2008-2017. Meðfylgjandi bréfi þessu eru skýrslur þessa efnis frá Intellecta ohf. annars vegar og Gísla Gíslasonar – Launaráðgjöf hins vegar, báðar dags. í maí 2018. Þar er að finna samanburð á þróun launa forstjóra miðað við aðra viðmiðunarhópa.

Hér að framan hafa verið rakin atriði varðandi ákvarðanir um laun forstjóra Íslandspóstsh, bæði áður en þau heyrðu undir ákvörðunarvald kjararáðs og eftir. Þá er rakinn samanburður á öðrum félögum í sambærilegri stöðu hvað varðar eignarhald. Fyrir liggur ráðningarsamningur milli Íslandspóstsh og forsjóra og í gildi er samþykkt starfskjarastefna. Hvort tveggja skuldbindur stjórn til þess að endurskoða laun forstjóra og taka tillit til sjónarmiða, sem þar eru tilgreind. Kveðið er sérstaklega á um það í ráðningarsamningi að laun forstjóra skuli taka almennum breytingum í samræmi við kjarasamning VR og Samtaka atvinnulífsins. Í starfskjarastefnu Íslandspóstsh er kveðið á um að launin skuli sæta breytingum í samræmi við launabreytingar, sem samið er um á almennum vinnumarkaði, en til viðbótar skal taka mið af þróun launa hjá æðstu stjórnendum fyrirtækja hér á landi að teknu tilliti til veltu, starfsmannafjölda og sambærileika í atvinnustarfsemi. Eins og rakið hefur verið hér að framan hafa laun forstjóra Íslandspóstsh ekki tekið breytingum í hlutfalli við almenna launaþróun, hvorki frá árinu 2016 né frá árinu 2010, þegar laun forstjóra voru tímabundið færð undir kjararáð.

Virðingarfyllt,

Fh. stjórnar Íslandspóstsh ohf.



Bjarni Jónsson, formaður

Fylgiskjöl:

- 1) Greinargerð Intellecta ehf., dags. í maí 2018.
- 2) Greinargerð Gísla Gíslasonar – Launaráðgjöf, dags. í maí 2018.